

Reglur

142
21. des.

um tilkynningar skulda samkvæmt 15. gr. laga nr. 14, 20. október 1905,
um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

Samkvæmt 15. gr. í lögum nr. 14, 20. október 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, eru hérmeð settar eftirfarandi reglur um tilkynningar þær, er ræðir um í nefndri grein:

1. Tilkynningin skal vera skrifleg, rituð í tvennu lagi og stíluð til landsyfirréttarins.
2. Í tilkynningunni skal skuldakrafan tilgreind nákvæmlega, upphæð hennar, skuldareigandi og skuldunautur, heimili skuldunauts, hvenær skuldin er stofnuð og af hvaða rót hún er runnin. Svo skal þess og getið, hvers vegna eigi sé hægt að sækja mál útaf skuldinni hér á landi að svo stöddu.
3. Tilkynningu skal afhenda dómsmálaritara yfirdómsins, er innfærir hann í þartil gjörða bók og gefur kvittun fyrir móttöku hennar. Skal hún rituð á annað samritið af tilkynningunni og afhendast tilkynnanda.
4. Fyrir innfærsluna, svo og eftirrit úr bókinni, greiðist venjulegt skrifaragjald.

Í stjórnarráði Íslands, 21. des. 1910.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Grimseyjarsjóð W. Fiskes, útgef-
in á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 30. desember 1910.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

143
30 des.

fyrir Grimseyjarsjóð W. Fiskes.

1. gr.

Sjóður þessi er dánargjöf prófessors Willard Fiskes í Florens til Grims-
eyinga samkvæmt erfðaskrá, dagsettri 11. apríl 1901, og skal sjóðurinn heita
Grimseyjarsjóður W. Fiskes.